



## 11. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 20. febrúar 2018

---

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Þór Reinholdsson (KPR), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Geirarður Long (GL), Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Hjóladeild

Elías Níelsson einkaþjálfari og íþróttfræðingur kom á fund með aðalstjórn með ósk um að stofna hjóladeild. Margir hjólarar eru í Mosfellsbænum og vantar deild bæði til þjálfunar og einnig til að geta keppt undir merkjum Aftureldingar. Ef af þessu yrði þá yrði bæði unglिंगastarf og fyrir fullorðna. Elías stóð fyrir fjallahjólamóti Fellahringurinn sem haldinn var í tengslum við Í Túninu Heima og heppnaðist mjög vel. Þessi deild mun geta staðið kostnaðarlega undir sjálfum sér og ekki þörf að sækja pening til Aftureldingar. Fordæmi fyrir svona deild er hjá Víkingi sem hefur stækkað mjög hratt á skömmum tíma.

Ákveðið að hjólahópur verði starfræktur næsta árið á forræði aðalstjórnar.

Fundur með áhugasömum verður haldinn í næstu viku. Birna Kristín, Hanna Björk og Jón Júlíus sitja þann fund fyrir hönd stjórnar.

### 2. Aðalfundur UMFA

Verður haldinn 20. mars kl 18 í Krikaskóla. Tilkynning verður sent út í samræmi við lög félagsins. Skrifstofan sér um að velja fundarstjóra og veitingar. Tillögur að lagabreytingum ber að tilkynna 2 vikum fyrir kjördag.

### 3. Búningamál

Farið var yfir verðtilboði frá 3 aðilum og beðið eftir nokkrum til viðbótar. Þarf að gera samanburðargreiningu og taka ákvörðun út frá því. Búninganefnd verður kölluð saman eftir aðalfundi.

### 4. Skrifstofumál

Uppsetning á skrifstofu og bókhaldsmál. JK fór á stúfana til að fá hugmyndir um skipulag á skrifstofu í kjölfar þess að Vilborg bókari er að hætta störfum á skrifstofunni. Skiptar skoðanir eru hvort að bókhald eigi að vera innanhús eða úthýsa þeirri starfssemi. Eins er hægt að úthýsa launakeyrlum. JK leggur fram drög að starfslýsingu fjármálafulltrúa.

Ákveðið að framtíðarskipulag skrifstofu bíði nýrrar stjórnar.

### 5. Handknattleiksdeild

Aðalstjórn hefur verið með forræði yfir fjármálum BUR og meistaraflokki kvenna í handbolta frá sl. sumri. Fjármálin eru að mjakast í rétta átt. Samþykkt að halda sama fyrirkomulagi áfram næsta árið.

## 6. Önnur mál

Aðstöðumál og samningur við bæinn ræddur. Fundur 21. febrúar vegna samninga við bæinn.

Fundi slitið kl 20.40  
Kristrún Kristjánsdóttir  
(sign).